

## Ályktun um félagslegan stöðugleika

Félagslegur stöðugleiki er forsenda velferðar á Íslandi en efnahagslegur stöðugleiki verður ekki til án hans.

45. þing BSRB hvetur stjórnvöld til þess að sýna samfélagslega ábyrgð og forgangsraða í þágu uppbyggingar í velferðarkerfinu. Það er nauðsynlegt að auka jöfnuð í samfélaginu með það að leiðarljósi að færa samfélag okkar nær norrænu velferðarsamfélagi. Stjórnvöld þurfa að bæta landsmönnum upp þær skerðingar sem áttu sér stað á velferðarkerfinu eftir hrun bankakerfisins fyrir 10 árum en í kjölfar þess voru nauðsynleg útgjöld til kerfisins skert. Þessu til viðbótar er nauðsynlegt að stjórnvöld hlúi betur að löggæslu, tollgæslu og fullnustu refsinga í landinu til að sporna við afbrotum.

45. þing BSRB gagnrýnir harðlega bónusgreiðslur til stjórnenda fyrirtækja, sérstök kaupaukakerfi og launagreiðslur sem eru í engu samræmi við raunveruleika almennings í landinu. Nauðsynlegt er að gripið sé í taumana og komið í veg fyrir að sama græðgi ráði hér ríkjum og var allsráðandi á árunum fyrir hrun, þar sem stjórnendum fyrirtækja var umbunað með ofurlaunum og bónusgreiðslum. Slíkar greiðslur eru ógn við félagslegan stöðugleika og auka enn frekar á ójöfnuð og óánægju í samfélaginu.

45. þing BSRB skorar á stjórnvöld að jafna aðgang landsmanna að almannþjónustu óháð efnahag. Mikilvægt er að bæta samgöngur milli landshluta, hvort sem er á lofti, láði eða legi. Stjórnvöld þurfa að beita sér fyrir því að til verði réttlátt skattkerfi þar sem greitt er inn eftir eignum og tekið út eftir þörfum. Það á að vera eftirsóknarvert að búa á Íslandi og hér á að ríkja félagslegt öryggi og stöðugleiki þar sem fólk getur komið sér upp þaki yfir höfuðið og mætt afleiðingum af slysum, veikindum og atvinnumissi ef svo ber undir.